

Fundur 1.5.2023 Sveinn Víkingur Þórarinnsson.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Gleður það mig að komast í sambandið, hef ég lengi fylgst með starfi ykkar úr nokkrum fjarska og vitað af kenningunum lengi og hefur það lengi verið áhugamál mitt að fræðast um þessi mál og hef ég þar átt góða að og vil ég sérstaklega þakka fyrir allar þær kveðjur sem ég hef fengið og mitt fólk.

Og bæði í veikindum og í daglegu lífi meðan ég var við fulla heilsu og þurfi ég nokkurn tíma til að ná fullum kröftum hér á framlífs hnetti, en er ég nú orðinn mjög öflugur og finn mig hér í nýjum líkama.

Og á sama tíma og segja má að fátt komi mér á óvart, eru það þó örfá atriði sem koma mér á óvart og hafa verið mér framandi og hef ég skrifað þau niður og vil ég gjarnan fjalla um það síðar, sérstaklega þegar ég hef áttað mig á raunverulegum ástæðum fyrir þeim.

Er það mikil hamingja að vera komin á nýjan hnött og vera hér við fulla heilsu og finna kærleika og frið, ástúð ástvina og samfélagsins.

Og var ég nú þannig skapi farinn að ég þóttist halda í efann býsna lengi, en var mér þó ekki stætt á því þegar ýmsar sýnir mér birtust og mitt raunverulega fólk tók á móti mér í nýjum heimkynnum á nýjum hnetti.

Og var þá allur efi á bak og burt og var það vissulega mitt fólk og bæði var skynjun þessi raunverulegri og óraunverulegri en ég hafði gert mér í hugarlund sjálfur og er erfitt að lýsa því hvernig efnun líkamans fer fram á nýjum hnetti og hvernig ýmiss vafaatriði í því máli öllu eru mér sífellt undrunarefni hér á nýjum hnetti og hvernig ég er að raða því saman sem ég sjálfur hafði mikið velt fyrir mér og rætt um við mína nánustu og hafði til þess aðstoð frá nokkrum ykkar og ritum dr. Helga Pjeturss og ýmsum öðrum ritum sem um þetta fjalla.

Er það mér enn þá mesta rannsóknarefnið hvernig líkaminn myndast nákæmlega á nýjum hnetti, og nú þegar ég hef gengið í gegnum þetta sjálfur, raða ég saman minningunum á skipulegan hátt og reyni að tengja saman og mun ég gjarnan segja frá því síðar.

*Það verður spennandi.*

Vil ég biðja kærlega að heilsa mínu fólki, Elsu og

*Þannig að þú ert Sveinn?*

Já Sveinn Víkingur.

*Já, það er leiðinlegt að enginn skuli vera hér úr þinni fjölskyldu.*

Já, ég þurfti tíma til að ná, eru þeir ekki mættir núna?

Ég reyni bara að koma síðar.

*Já, já en við skilum kveðjum frá þér og endilega haltu áfram með ræðu þína ef þú getur.*

Ég ætla minnsta kosti að ljúka því sem ég hafði skrifað hér niður, svolitla ræðu, en ég vil að sjálfsögðu senda þeim öllum mína bestu kveðju og segja þeim að samfagna með mér og ég reyni að senda syni mínum lækningarorku og ýta á Dungal sem mest og einnig að senda þeim Elsu og systur orku og þeim öllum.

*Já.*

En ég hef nú ekki síður hitt foreldra mína hér og voru þeir nálægir þegar ég kom yfir og furðulega margir sem ég hafði ekki hitt lengi og má með sönnu segja að frændgarðurinn sé stærri en maður mundi og úr báðum ættum hennar og minnar og fagnaðarfundir, sannarlega.

Já, ég kom hér fram í laug nokkurri og steig einnig fyrstu sporin þar sem hópur var saman komin og sérlega magnaður staður og svo leiddur í laug og þaðan í hressingarhæli og náði þar enn betur kröftum, fullum kröftum og tengdafaðir minn hefur hjálpað mér að halda skipulagi á minningum mínum og margt er það sem fyrir mann ber sem þarfnast skýringar við og á meðan líkaminn er að koma fram og mun ég vonandi koma að því síðar.

Vil ég aðeins nefna eitt atriði að lokum áður en ég fer, og það kom mér á óvart miðað við Nýals kenninguna, að fannst mér sem ég sæi líkama minn áður en ég kvaddi og er því sitt hvað í hinum spíritisku fræðum sem þarf að útskýra betur, en hef ég ekki skýringar á því núna.

Er ég,

*Áttu sem sagt minningar frá þeim tíma sem þú yfirgafst gamla líkamnn og fékkst nýjann?*

Já ýmislegt sem ég hef reynt að rifja upp og mjög merkilegt, það er eins og með drauma og annað, það eru smáatriðin sem skipta máli og fylla upp í þá mynd.

En ég ætla einnig að segja, já hér eru margir sem láta sér annt um ykkur, ég skila kveðju, ég vil skila kveðju til barna, sonanna og barnabarna og annara ættingja.

Það er, ég er sérlega þakklátur öllum sem sinntu mér áður en ég skildi við og hjálpaði mér mjög að kunna skil á hinni Nýölsku kenningu og hér er fagurt landslag og minnir sumt á heimaslóðirnar og verð ég að koma að því síðar.

Vona ég að ég geti magnað ykkur alla að síðustu og þakka ég kærlega fyrir gott hljóð og vona ég að mitt fólk hafi það sem best, verið þið sælir.

*Blessaður, vertu blessaður Sveinn og gangi þér vel.*

Takk fyrir.

*Og takk fyrir komuna.*